

Ed.

617. Nefndarálit

um frumvarp til fjáráukalaga fyrir árin 1916 og 1917 (þingskj. 484).

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefndin hefir athugað frumvarp þetta, svo sem henni ber skylda til, eigi að eins lið fyrir lið, heldur einnig skjöl öll og skilríki, sem heyra undir það og henni hafa í hendur borist, en finnur enga ástæðu til að gera skriflega eða skjállega grein fyrir skoðun sinni, nema að því er snertir breytingar þær og viðauka, sem hún vill láta gera á frumvarpinu eins og háttvirt neðri deild hefir frá því gengið.

Við 2. gr. frumvarpsins vill fjárveitinganefndin að sú breyting sje gerð, að 4. liður, styrkurinn til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, sje hækkaður til helminga eða úr 4200 kr. upp í 8400 kr. Ástæðan til þess, að nefndin leggur til að styrkur

Þessi sje svo mjög aukinn er sú, að henni er það ljóst, að hægur allra sjúkrahúsa-anna og sjúkraskýlanna hlýtur, vegna dýrtíðarinnar, að vera afar bágborinn, og því bersýnilegt, að þau verða ekki rekin framvegis, nema því að eins, að styrkur sá, sem þau njóta frá hálfu hins opinbera, verði mjög mikið hækkaður og jafnaður að mestu halli sá, sem orðið hefir á rekstri þeirra hæði á yfirstandandi og síðastliðnu ári. Til þessa benda einróma umkvartanir, er þinginu hafa borist frá flestöllum stjórnarnefndum eða hjeradsstjórnnum, er hafa undir umsjón sjúkrahús eða sjúkraskýli, er notið hafa styrks úr landssjóði. Hins vegar telur nefndin enga hættu á því, að eftir þessu fje verði seilst um of, þar sem athugasemdin setur það skilyrði, að hjerað það, sem rekur sjúkrahúsið eða sjúkraskýlið, leggi fram jafn mikið fje sem fjárlagastyrkur og þessi uppbót nema samtals.

Við 3. gr. frumvarpsins leggur nefndin einnig til að gerðar sjeu breytingar. En þar sem breytingin, sem nefndin leggur til að gerð sje á 2. gr., miðar til hækkunar á útgjöldum, þá ganga aftur á móti breytingar þær, sem hún vill gera á þessari grein, í þá stefnu að lækka þau.

Dýrtíðaruppbótina til pósta 1916, kr. 23865,98, vill nefndin færa niður í kr. 22921,48. Ástæðan til þessarar niðurfærslu er sú, að samkvæmt útreikningi sjálfs póstmeistara þarf þessi upphæð eigi að vera hærri. Að visu hafði póstmeistari í brjefi, dags. 28. júlí þ. á., gert ráð fyrir, að dýrtíðaruppbót þessi yrði að vera eins og fjárveitinganefnd neðri deildar hefir sett hana, kr. 23865,98, en með brjefi, dagsettu þrem dögum síðar, 31. júlí, bendir hann á, að rjetta upphæðin eigi að vera kr. 22921,48. En þá leiðrjettingu hefir fjárveitinganefnd neðri deildar sennilega sjest yfir.

Þá leggur og nefndin, eða rjettara sagt meiri hluti hennar, til, að 6. liður 3. greinarinnar, fjárveitingin til Þórhalls kaupmanns Danielssonar í Hornafirði, lækki um kr. 2000,00, og er þó viðbúið, að einn nefndarmanna láti sjer ekki þá lækkun nægja, heldur geri þá kröfu, að liðurinn verði alveg strikaður út. Byggist sú krafa á aðra hlið á því, að óviðkunnanlegt sje og gefi ilt fordæmi, að einstakir menn fái, án undanfarandi samnings við þing eða stjórn, styrk úr landssjóði til þess að halda uppi samgöngum á sjó á stærra eða minna svæði og á hina hliðina á því, að kaupmaður sá, er hjer á hlut að máli, hljóti að hafa lagt á verslunarvörur sínar kostnað þann, sem því fylgdi að ná þeim að sjer. En þótt krafan sú, að strika liðinn alveg út, næði eigi nægu fylgi í nefndinni, varð þó niðurstaðan sú að lækka styrkinn, eins og áður er sagt, enda 5 þúsund krónurnar, að álitu meiri hlutans, eftir atvikum fullsómasamlegur styrkur í þessu tilfelli, og í samræmi við það, sem samgöngumálanefnd í upphafi hugsaði sjer að leggja til að hann yrði.

Að því er snertir þessa grein vill nefndin enn fremur gera ofurlitla breytingu við athugasemdina aftan við C.-liðinn. Miðar sú breyting til þess að nema í burtu óþarfa örðugleika, er legið geta fyrir bátaútgerðarmönnunum í því að geta alls engan hluta styrksins fengið útborgaðan fyr en hjeradsstjórnirnar hafa yfirlitið reikninga þeirra og sent þá með áritun sinni til stjórnarráðsins, er í flestum tilfellum yrði eigi fyr en löngu eftir að öllum ársferðunum væri lokið.

Við 4. gr. leggur nefndin til, að sú ein breyting sje gerð, að fyrsti liður hennar sje orðaður eins og segir í breytingartillögum. Er það á aðra hlið gert til þess, að samræmi sje á milli orðalagsins í fjárukalagafrumvarpinu og fjárlagafrumvarpinu, að því er þennan útgjaldalið snertir, og á hina hliðina til þess, að

það sjáist glöggar, að það er ekki sparnaðarins vegna, að maður sá, sem hjer um ræðir, var látinn taka aftur við prófessorsembætti sínu við háskólann, heldur af því að stjórn og þing hafi með því haft gagn háskólans fyrir augum.

Þótt nefndin leggi ekki til, að neinar frekari breytingar sje gerðar á þessari grein, þá vill hún þó bæta við hana einum lið, sem sje 600 kr. til þess að standast kostnað af handavinnunámskeiði, sem haldið hefir verið á Akureyri. Liggja til þess þær ástæður, að forstöðukona barnaskólans á Akureyri, Halldóra Bjarnadóttir, hefir um undanfarin ár staðið fyrir handavinnunámskeiði á Akureyri og fengið styrk til þess af fje því, sem ætlað er unglingskólum. Hefir hún nú, eins og að undanfögnu, sótt um 600 kr. styrk til þessa námskeiðs, er hún þegar er búin að halda, en getur nú ekki, eins og áður, fengið styrk af hinu áminsta unglingskólafje vegna þeirrar athugasemdar endurskoðenda landsreikninganna, að fjárveiting í þessu skyni verði að álitast óheimil af þessum lið fjárlaganna. Álitur nefndin þess vegna, að hjer sje ekki um neitt annað að gera en að veita hjer sjerstaklega þessar 600 kr. til þess, að kona sú, sem staðið hefir fyrir námskeiðinu, þurfi ekki að biða ófyrirsjáanlegt og óverðskuldað tjón af því, að hafa haldið það.

Við 5. gr. leggur nefndin ekki til, að nein breyting sje gerð, en vill þó taka það fram, að hún telur sig ekki bundna af orðalagi 1. liðar til þess að vera með því, er til fjárlaga kemur, að styrkurinn til Bjarna Jónssonar frá Vogu fyrir að þýða Goethes Faust skuli þar standa sem sjerstakur liður. — En þótt nefndin leggi ekki til að breyta nefndri grein, vill hún þó bæta við hana einum lið, sem sje styrk til bókasafns Austurlands, til þess að kaupa bókasafn Ásgeirs heit. Torfasonar, að upphæð 3 þús. krónur. Bækur þær, sem hjer um ræðir, eru bæði margar og í afbragðs standi, og eru að vitnisburði hins bókfróðasta manns, Jóns Þorkelssonar skjalavarðar, fremur lágt en hátt virtar, svo að kaupin mega þess vegna frá þeirri hlið skoðað teljast góð, en á hinn bóginn þörfin mjög mikil hjá bókasafni Austurlandsins fyrir að eignast þetta safn.

Við 6. og 7. gr. frumvarpsins hefir nefndin ekkert að athuga.

Um 8. gr. er sama að segja, að því undanskildu, að nefndin leggur til, að athugasemdin við 6. lið þeirrar greinar sje öðru vísi orðuð og hyggur, að með hætti komi meiningin skýrara í ljós.

Við 9. gr. frumvarpsins hefir nefndin ekkert að athuga.

Við 10. gr. 7. lið vill nefndin gera þá breytingu, að Brynjólfu Einarssyni verkstjóra sje veittur 1700 kr. styrkur af simafje í stað 1000 kr., sem neðri deild hefir samþykkt. Manni þessum hefir þegar verið greiddur 300 kr. styrkur, og fái hann 1700 kr. til viðbótar, verður það í fullu samræmi við þær skaðabætur, sem gert er ráð fyrir í samskonar tilfelli í lagafrumvarpi því um slysatryggingar, sem nýlega hefir verið samþykkt hjer í deildinni, en 1000 kr. viðbótarstyrkur hlýtur í samræmi við það að teljast alt of lágur.

Við þessa grein vill nefndin enn fremur bæta við nýjum lið, er heimili landsstjórninni að veita hreppsnefnd Stykkishólmshrepps tveggja ára frest á afborgun af láni til hreppsins úr viðlagasjóði til bryggjugerðar í Stykkishólmi. — Þykir nefndinni, á aðra hlið, sem líkt standi hjer á, sem með 3. og 4. lið 10. gr. frumvarpsins, og á hina hliðina sýnt, að tekjur bryggjunnar hljóta að vera til-
tölulega mjög litlar, eins og nú er ástatt með siglingar hjer við land.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. 4. Í stað »kr. 4200,00« komi:
kr. 8400,00.
2. Við 2. gr. 4. (Í athugas.) Í stað »15 aurar« komi:
30 aurar.
3. Við 3. gr. 1. Í stað »kr. 23865,98« komi:
kr. 22921,48.
4. Við 3. gr. 6. Liðurinn falli burt, nema athugasemdin.
5. Við 3. gr. 6. (Við athugasemdina): Á eftir orðunum »enda verði styrkurinn ekki« komi:
til fulls.
6. Á eftir athugasemdinni við 5. lið komi nýr liður, sem verði 6. liður, svo hljóðandi:
Til Pórhalls kaupmanns Danielssonar í Hornafirði fyrir að halda uppi ferðum að og frá Hornafirði árið 1916 kr. 5000.
(Liðatalan á eftir breytist samkvæmt því).
7. Við 4. gr. 1. Liðurinn orðist svo:
Til prófessors Einars Arnórssonar, viðaukalaun 1917.
8. Við 4. gr. 6. Komi nýr liður, er hljóði svo:
Við B. XIII. d. Til handavinnunámskeiðs kvenna á Akureyri 1916 og 1917 kr. 600.
9. Við 5. gr. Fyrsti liðurinn orðist svo:
Við 7. lið. Til bókasafns Austurlands, styrkur til að kaupa bókasafn Ásgeirs heit. Torfasonar ... kr. 3000.
(Hin liðatalan breytist samkvæmt því).
10. Við 8. gr. 6. Athugasemdin orðist svo:
Ætlast er til, að stjórnin geri gangskör að því að fá frá rjettum hlutaðeigendum fullar skaðabætur handa mönnum þessum, er allar nema kr. 2400,00 og sje þá fjárveiting þessi endurgreidd landssjóði.
11. Við 10. gr. 4. Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo látandi:
Að veita hreppsnefnd Stykkishólshrepps tveggja ára frest á afborgun af láni til hreppsins úr viðlagasjóði til bryggju-gerðar í Stykkishólmi.

12. Við 10. gr. 7. Í stað »1000 kr.« komi:
1700 kr.

Samlagning hverrar einstakrar greinar og allra til samans breytist að sjálf-
sögðu í samhljóðan við þær breytingar og viðbætur, sem samþykta verða.

Alþingi, 23. ágúst 1917.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Eggert Pálsson,
skrifari og frsm.

Hjörtur Snorrason.

Karl Einarsson.

M. J. Kristjánsson.